

Nd.

817. Breytingartillaga

[342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 10. gr. Við 1. mgr. A-liðar bætist: Persónuafsláttur samkvæmt þessari málsgrein skal þó vera breytilegur eftir sveitarfélögum eða landsvæðum með sambærilegan framfærslukostnað. Skal afslátturinn breytast hlutfallslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í hverju umdæmi tvisvar á ári og skulu breytingar taka gildi 1. janúar og 1. júlí ár hvert, sbr. 121. gr. Hagstofa Íslands reiknar framfærsluvísitölu samkvæmt þessari málsgrein. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um útreikning framfærsluvísitölu og persónuafsláttar samkvæmt þessari málsgrein og um skiptingu landsins í umdæmi o.fl.